

Sæll Kristófer.

Í framhaldi af fundi okkar í lok síðasta árs, þá langar mig að sækja um lóðirnar á Holtabraut 21 og Holtabraut 23 sem skv. skipulaginu sem þú sýndir mér heimilar byggingu á 6 íbúða raðhúsi.

Umsækjandi lóðanna væri þá Trix ehf, kt.610600-2120. Ef jákvætt er tekið í umsóknina og ég fengi lóðirnar úthlutaðar myndi ég strax hefja vinnu við að fá verkefnið fjármagnað hjá mínum viðskiptabanka. Trix ehf er eins og þú veist búið að standa í uppbyggingu á ferðaþjónustu á Hraunvöllum. Fjárhagsstaða félagsins er traust og hefur Trix ehf fengið viðurkenninguna fyrirmyndarfyrirtæki. Þrátt fyrir Covid, þá gerðum við víðtækar ráðstafanir í rekstri okkar á síðasta ári sem styrktu fjárhag félagsins og gerði það að verkum að við skiluðum hagnaði á árinu 2020. Held að ekki margir í okkar sporum hafi náð því.

Tímarammi sem ég gef mér fyrir verkefnið, ef við fengjum lóðirnar úthlutaðar á næstu 2-3 mánuðum væri að gera jarðvinnu í sumar og koma upp steyptri plötu fyrir lok sumars. Byggja svo húsið næsta haust/vetur og stefna á að selja íbúðirnar á árinu 2022.

Með von um góðar undirtektir.

Kveðja,

Haraldur Jónsson
Gsm 779 3333